





Reykjavík, 14. júlí 2026
USK26070148

Laugavegur 1 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Lögð fram fyrirspurn Davíðs Kristjáns Chatham Pitt, dags. 8. júlí 2026, ásamt bréfi, dags. 5. júlí 2026, um nýja staðsetningu fyrir bakhús, geymsluskúr, á lóð nr. 1 við Laugaveg. Einnig er lagður fram uppdráttur P Ark teiknistofu, ódags., og álit Minjastofnunar Íslands, dags. 3. júlí 2026.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti deiliskipulags

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin miðborg, M1.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir stgr. 1.171.0, Laugaveg 1, samþykkt í borgarráði 25.08.2005 með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til flutnings á geymsluskúr með varðveislugild af lóð nr. 1 við Laugaveg og að honum verði fundinn staður utan borgarmarka Reykjavíkur.

Skv. gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að geymsluskúrin viki af lóð. Fyrir liggur að Minjastofnun Íslands ásamt skipulags- og umhverfisfulltrúa Ísafjarðarbæjar taka jákvætt í hugmynd um að reisa geymsluskúrinn við gamla spítalann á Þingeyri að Fjarðargötu 8

Skrifstofa skipulagsmála óskaði eftir umsögn Borgarsögusafns á því að húsinu yrði fundinn nýr staður utan Reykjavíkur. Í umsögn safnsins, dags. 13.07.2026, er tekið jákvætt í hugmyndina um að húsið verði reist á Þingeyri.

Niðurstaða

Tekið er jákvætt í að húsinu verði fundinn staður utan Reykjavíkur.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri